

1868.

16. maí.

22. Bréf íslenzku stjórnardeildarinnar til fiskiveiða- félagsins í Mandal, um ýmsa skilmála fyrir síldar- veiðum þess á Íslandi.

Í bréfi dagsettu 7. marzmán. þ. á. hefir fiskiveiðafélagið í Mandal skýrt frá, að það ætli sér að stunda fiskiveiðar við Ísland, og sér í lagi síldarveiðar, og á þann hátt, að einn af hlutareigendum félagsins öðlist borgararétt á Íslandi og taki sér þar bólfestu, að maður þessi fari með eitt eða tvö norsk skip, er eptirleidis verði gjörð að danskri eign, til að hafa ásamt með minni bátum til fiskiveiðanna, að áformað sé að flytja á norskum skipum tunnur, salt og áhöld handa saltbúðunum eingöngu til afnota í þarfir fiskiveiðanna, og þannig, að skip þessi ekki verði höfð til neinna fiskiveiða, nè heldur fiskur verði verkaður í þeim, og hefir félagið þar á ofan spurt um:

- 1, hvort að útlend skip þurfi, til þess að verða dönsk eign, að útvega sér fyrir fram þjóðernis-skýrteini í Danmörku, eða hvort það fái st á Íslandi;
- 2, hvort norsk skip megi, er það hefir keypt íslenzkt leiðarbréf þar sem þau fást á Íslandi, sigla þaðan með farm sinn, tunnur, salt og áhöld til fiskiveiða og afferma annarstaðar, þar sem saltbúðirnar eru reistar, eða yfir höfuð að tala hvar svo sem menn vilja afferma, og hvort það skip megi ferma fiskinn verkaðan frá saltbúðunum; og
- 3, hvort annars nokkuð muni vera því til fyrirstöðu, að félagið reki iðn sína á þann hátt, sem að framan er á vikið.

Nú er vèr höfum skrifað aðalskattastjórninni um þetta málefni, og vèr höfum fengið svar frá henni, dagsett 13. þ. m., skulum vèr svara spurningunum hér að framan á þessa leið:

Um 1. spurningu. Ráðstafanir þær, sem með þarf til þess að veita útlendu skipi danskan þjóðernisrétt, má gjöra allt eins vel á Íslandi og í Danmörku, en að öðru leyti hefir aðalskattastjórnin, sem hefir á hendi úrslit slíkra málefna, tekið fram, að ef að hlutafélagið ekki verði álititð eiga heima á

1868.
16. maí.

Íslandi, þá verði það ekki leyft samkvæmt ákvörðunum þeim, er áður giltu um þetta efni í konungsríkinu og enn gilda um það á Íslandi, að skip þau, sem félagið á, megi sigla með dönsku flaggi, og að það í öllu falli mundi koma í bága við ákvarðanir þær, sem settar eru fyrir konungsríkið í skrásetningarlögum 13. marzmán. þ. á. 1. grein, en þessi ákvörðun verður einnig gild á Íslandi, undir eins og búið er að lögleiða skrásetningarlögin á Íslandi, eins og gjört er ráð fyrir í 30. grein.

Um 2. spurningu. Það er ekkert því til fyrirstöðu, þegar útlent skip er búið að kaupa íslenskt leiðarbréf, að það þá komi með farm sinn við á löggiltum verzlunarstöðum á Íslandi, leggi hann upp og taki annan farm, en aptur á móti er ekki nein almenn heimild í íslenskum lögum til að sigla upp aðrar hafnir á Íslandi en hin löggiltu kauptún, til þess að bera þar vöru upp eða út, smbr. Opíð bréf 19. maímán. 1854, er fylgir hér með.

Um 3. spurningu. Stjórnardeildin fær ekki sæð, að neitt sé að öðru leyti því til fyrirstöðu, að fiskiveiðafélagið hagi sér í tæðu efni á þann hátt, sem það hefir vikið á.

6. júní.

23. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skuld Höfða kirkju til bús síra Ólafs Þorleifssonar.

Með bréfi dagsettu 28. marzmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá frá síra Gunnari Ólafssyni, sóknarpresti að Höfða í Þingeyjar-sýslu í norður- og austurumdæminu á Íslandi, og Guðrúnu Jónasdóttur, ekkju föður hans og formanns í braudinu, síra Ólafs Þorleifssonar, og fylgdi álitsskjal hlutadeigandi prófasts með bænarskránni; sækja þau þar um, að sér sem erfingjum síra Ólafs Þorleifssonar, formannsins í braudinu, verði endurgoldið